



# SÍMEY

ÁRSSKÝRSLA 2025





© Útgefandi: SÍMEY – [www.simey.is](http://www.simey.is)  
Þórsstíg 4, 600 Akureyri

Ábyrgðarmaður: Valgeir Magnússon

Umsjón: Óskar Þór Halldórsson

Hönnun og umbrot: Heiðar Brynjarsson

Ljósmyndir: Óskar Þór Halldórsson, Helena Sif  
Guðmundsdóttir, Sigurlaug Indriðadóttir  
Unnardóttir, Þórhallur Jónsson, Axel Þórhallsson,  
Kristján Kristjánsson o.fl.

Kápumynd á forsíðu var tekin 7. júlí 2025 af  
Hraundröngum í Öxnadal.

Á kápumynd á baksíðu er horft til Hraunsvatns í  
Öxnadal. Myndin var tekin 7. júlí 2025.

## Ávarp stjórnarformanns

Liðið ár markaði mikilvæg tímamót í starfsemi Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar þegar 25 ár voru liðin frá stofnun hennar. Frá upphafi hefur hlutverk miðstöðvarinnar verið skýrt og mikilvægt: að efla símenntun, styðja við þróun atvinnulífs og auka aðgengi fólks að fjölbreyttum námstækifærum.

SÍMEY varð til í nánu samstarfi opinberra aðila, atvinnulífs og menntastofnana með það að markmiði að styrkja menntunarstig á svæðinu og bregðast við þörfum samfélagsins fyrir aukna þekkingu og færni. Sú samvinna hefur verið hornsteinn starfseminnar allar götur síðan og hefur skapað traustan grunn fyrir áframhaldandi þróun.

Á þeim 25 árum sem liðin eru hefur starfsemi SÍMEY vaxið og þróast verulega. Framboð náms og þjónustu hefur orðið fjölbreyttara og sveigjanlegra, þar sem bæði er horft til þarfa atvinnulífsins og einstaklinga, óháð stöðu þeirra á vinnumarkaði.

Sérstaklega má nefna aukið vægi raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar sem hefur gert fjölda einstaklinga kleift að fá viðurkenningu á færni sinni og opna nýjar leiðir til náms og starfa.

Árangur starfseminnar endurspeglast í umfangsmikilli þátttöku. Undanfarin ár hafa tugir þúsunda einstaklinga sótt námskeið, ráðgjöf eða aðra þjónustu hjá SÍMEY. Þessi víðtæku áhrif sýna skýrt mikilvægi miðstöðvarinnar fyrir samfélagið, einstaklinga og fyrirtæki.

SÍMEY hefur jafnframt lagt ríka áherslu á nýsköpun og tækninýtingu í námi og kennslu. Með markvissri þróun á tæknilausnum og aðferðum hefur tekist að auka aðgengi að námi og mæta breyttum kröfum samfélagsins. Sú þróun verður áfram lykilatriði á komandi árum, ekki síst í ljósi hraðra breytinga á vinnumarkaði og aukinnar áherslu á símenntun.

Rekstur SÍMEY hefur einkennst af stöðugleika og festu. Starfsfólk hefur sýnt mikla fagmennsku og tryggð og stjórn hefur starfað í góðu samstarfi við framkvæmdastjórn og helstu samstarfsaðila. Fjárhagslegur grundvöllur hefur verið traustur, meðal annars með stuðningi stjórnvalda og stofnaðila frá upphafi.

Fram undan eru áframhaldandi tækifæri og áskoranir. Samfélagið er í stöðugri þróun og kröfur til menntunar og færni aukast sífellt. Í því samhengi mun framhaldsfræðslan gegna enn stærra hlutverki, bæði fyrir einstaklinga og atvinnulíf. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi stuðning og skýra stefnumótun á þessu sviði.

SÍMEY mun áfram byggja starf sitt á grunngildum sínum – tækifærum, styrk, sveigjanleika og trausti – og leitast við að þróa þjónustu sína í takt við þarfir samfélagsins. Með því verður miðstöðin áfram öflugur vettvangur fyrir nám, þróun og samstarf á Norðurlandi.



Arna Jakobína Björnsdóttir, stjórnarformaður SÍMEY

# 1. Starfsemin á árinu

## Inngangur

Árið 2025 urðu tímamót í sögu Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar (SÍMEY) er aldarfjórðungur var liðinn frá stofnun hennar. Í ársskýrslunni eru þessum tímamótum gerð sérstök skil en sem fyrr er áherslan í skýrslunni á starfsemi SÍMEY á árinu, helstu verkefni, fræðsluframboð og samstarfsaðila.

Ársskýrslan er í fimm meginköflum. Fyrst er fjallað um starfsemina á árinu og gerð grein fyrir starfsfólki og stjórn SÍMEY, húsnæði miðstöðvarinnar og fjárhag. Í öðrum kafla er fjallað um helstu samstarfssamninga og verkefni. Í þriðja kaflanum er gerð grein fyrir tímabundnum verkefnum og þróunarstarfi og í fjórða kaflanum er rætt um fræðslustarf ársins í máli og myndum. Skýrslunni lýkur svo venju samkvæmt á samantekt.

## Dagleg starfsemi SÍMEY

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar er sjálfseignarstofnun sem starfar á sviði fullorðins- og framhaldsfræðslu. Markmiðið er að efla símenntun á starfssvæði miðstöðvarinnar í Eyjafirði og auka samstarf atvinnulífs og skóla til að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífs á svæðinu og bjóða einstaklingum hagnýta og fræðandi þekkingu á öllum skólastigum. Einnig vill SÍMEY veita ráðgjöf til fyrirtækja um símenntun og einstaklingum raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf.

SÍMEY hefur að leiðarljósi að bjóða hentugar lausnir á sviði sí- og endurmenntunar og framhaldsmenntunar og er markhópurinn einstaklingar og fyrirtæki á Eyjafjarðarsvæðinu. Einnig er SÍMEY í samstarfi við aðrar símenntunarmiðstöðvar og landsvæði.

## Dagleg starfsemi SÍMEY skiptist í:

Fræðslusvið  
Fyrirtækjasvið  
Ráðgjöf og raunfærnimat  
Þróunarsvið  
Stoðsvið

Innan þessara sviða eru þessi verkefni:

- Dagleg umsjón með námsleiðum og námskeiðum og þjónusta við námskeið sem eru í gangi.
- Kynning á starfsemi og símenntunarframboði SÍMEY.
- Miðlun og umsjón með námi og námskeiðum annarra fræðsluaðila.
- Skipulagning, hönnun og þróun nýrra námskeiða.
- Samskipti og þjónusta við fræðsluaðila.
- Náms- og starfsráðgjöf fyrir viðskiptavini, einstaklinga og fyrirtæki/félög/stofnanir.

- Raunfærnimat - gagnvart námi og viðmiðum atvinnulífsins.
- Fagbréf atvinnulífsins.
- Umsjón með námskeiðum fyrir fólk með fötlun.
- Upplýsingamiðlun í gegnum heimasíðu miðstöðvarinnar, fjöl- og samfélagsmiðla.
- Innsláttur og úrvinnsla gagna í nemendabókhalda SÍMEY.
- Þróunarvinna/verkefni á borð við námskrárgerð og þróun verkfæra sem notuð eru í starfinu.
- Rekstur prófamiðstöðvar.
- Ýmis sérverkefni.

# Skipurit og stjórn SÍMEY

Í aðalstjórn SÍMEY eiga sjö fulltrúar sæti og sjö í varastjórn. Aðal- og varamenn í stjórn eru tilnefndir af menntastofnunum, stéttarfélögum, atvinnurekendum, Akureyrarbæ og öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð. Eftirtaldir stjórnarmenn voru kjörnir til tveggja ára á ársfundi 22. maí 2025:

## Aðalstjórn

### Stjórnarformaður:

Arna Jakobína Björnsdóttir

### Stjórnarmenn:

Alma Oddgeirsdóttir

Áslaug Felixdóttir

Anna Júlíusdóttir

Sverrir Gestsson

Porgeir Rúnar Finnsson

Halla Margrét Tryggvadóttir

## Fyrir hönd

Opinberra stéttarféлага

Fræðslustofnana

Opinberra stofnana

Almennra stéttarféлага

Almennra fyrirtækja

Sveitarféлага við Eyjafjörð

Akureyrarbæjar

## Varastjórn

Hjördís Sigursteinsdóttir

Áslaug Ásgeirsdóttir

Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir

Halldór Óli Kjartansson

Anna María Kristinsdóttir

Sigríður Bjarnadóttir

Hlynur Már Erlingsson

## Fyrir hönd

Opinberra stéttarféлага

Fræðslustofnana


Opinberra stofnana

Almennra stéttarféлага

Almennra fyrirtækja

Sveitarféлага við Eyjafjörð

Akureyrarbæjar



# Starfsmenn SÍMEY 2025



**Helena Sif Guðmundsdóttir**  
Náms- og starfsráðgjafi og  
verkefnastjóri




**Jenný Gunnarsdóttir**  
Verkefnastjóri og ráðgjafi



**Sigrúlaug Indriðadóttir  
Unnaradóttir**  
Verkefnastjóri og ráðgjafi



**Jónína Margrét Guðbjartsdóttir**  
Verkefnastjóri og ráðgjafi  
*Hóf störf í september 2025*



**Heiða Björk Pétursdóttir**  
Verkefnastjóri og ráðgjafi  
*Hóf störf í september 2025*



**Þórdís Gísladóttir**  
Verkefnastjóri og ráðgjafi  
*Hóf störf í ágúst 2025*



**Sigrún Björnsdóttir**  
Viðurkenndur bókari



**Sóley Guðmundsdóttir**  
Þjónustufulltrúi



**Kristjana Friðriksdóttir**  
Þjónustufulltrúi



**Kristín Björk Gunnarsdóttir**  
Verkefnastjóri og ráðgjafi  
*Hætti störfum í júlí 2025*



**Ingunn Helga Bjarnadóttir**  
Verkefnastjóri og ráðgjafi  
*Hætti störfum í ágúst 2025*



**Anna María Jónsdóttir**  
Verkefnastjóri og ráðgjafi  
*Hætti störfum í ágúst 2025*



**Valgeir Blöndal Magnússon**  
Framkvæmdastjóri

## Starfsemi SÍMEY skiptist í eftirtalin svið:

### Afgreiðsla og bókhald

Tekur á móti viðskiptavinum SÍMEY, annast símsvörun, ber ábyrgð á eldhúsi og þrifum auk margþættrar þjónustu við starfsfólk og samstarfsaðila. Vinnsla í nemendaumsjónarkerfi. Sér um reikningagerð og bókhald miðstöðvarinnar.

### Hús- og tækniumsjón

Hefur umsjón með rekstri húsnæðis og tækniálum miðstöðvarinnar.

### Verkefnastjórnun/ráðgjöf

Verkefnastjórar og náms- og starfsráðgjafar SÍMEY hafa umsjón með skipulagningu lengri og styttri námskeiða fyrir einstaklinga og atvinnulífið í samstarfi við fræðslusjóði, opinbera aðila, fyrirtæki, stofnanir og stéttarfélag.

Ráðgjafar miðstöðvarinnar veita fólki á öllum aldri ráðgjöf og upplýsingar til að auðvelda ákvarðanatöku vegna náms- og starfsvals og sinna verkefnum vegna raunfærnimats. Einnig aðstoða þeir fólk við að takast á við ýmis verkefni sem tengjast námi og starfsþróun. Þá veita ráðgjafar miðstöðvarinnar upplýsingar um nám og störf og aðstoða við að finna námsleiðir og starfsvettvang við hæfi.

### Húsnæði og vinnuaðstaða

Miðpunktur starfsemi SÍMEY er að Þórsstíg 4 á Akureyri þar sem eru átta skrifstofur, níu kennslu-

stofur, afgreiðsla, fullbúið eldhús og kaffitorg þar sem nemendur njóta samveru í matar- og kaffitímum og nýta einnig aðstöðuna til hópavinnu.

Einnig stendur SÍMEY fyrir námskeiðahaldi utan húss, í fyrirtækjum og stofnunum. Þá er miðstöðin í góðu samstarfi við Verkmenntaskólann á Akureyri um leigu á aðstöðu fyrir námskeið í málmsuðu og Fab Lab.

### Starfsemin við utanverðan Eyjafjörð

Starfsmenn SÍMEY eru með viðveru eftir þörfum í námsveri í Víkurröst á Dalvík, sem SÍMEY nýtir í góðu samstarfi við Tónlistarskólann á Tröllaskaga.

Á liðnum misserum hefur aðstaða í námsverinu verið bætt, í góðu samstarfi við Dalvíkurbyggð. Á árinu 2025 var það einkum notað fyrir almennt námskeiðahald, sérstaklega í íslensku sem öðru máli, viðtöl, raunfærnimat og til próftöku. Einnig voru þar haldnir fundir með hagsmunaaðilum.

Verkefnastjóri SÍMEY fundar reglulega með sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar enda er lögð áhersla á gott samstarf við sveitarfélagið.

SÍMEY er í góðu samstarfi við stéttarfélagið Einingu-löjju um aðstöðu í Fjallabyggð til m.a. námskeiðahalds.



Meginþungi starfsemi SÍMEY er í Þórsstíg 4 á Akureyri, þar sem eru m.a. skrifstofur starfsfólks og níu kennslustofur. Einnig hefur SÍMEY aðgang að námsveri í Víkurröst á Dalvík.

## Nokkur orð um starfsemi SÍMEY

SÍMEY fékk á árinu 2025 endurnýjaða viðurkenningu fræðsluaðila til næstu þriggja ára. Síðast fékk SÍMEY þessa viðurkenningu haustið 2022.

Auk fastráðinna starfsmanna störfuðu 126 verktakar fyrir SÍMEY á árinu 2025 sem leiðbeinendur/kennarar, yfirsetufólk, liðveitendur og sérfræðingar. Verktakarnir eru afar fjölbreyttur hópur og eru í hinum ýmsu störfum hjá fyrirtækjum og stofnunum á starfssvæði SÍMEY.

SÍMEY hefur innleitt aðferðafræði straumlínustjórnunar (LEAN Management).

Fræðslustyrkir eru í boði á vegum SÍMEY og einnig í gegnum starfsmenntasjóði starfsmanna.

### Fjárhagur

Rekstrartekjur SÍMEY á árinu 2025 voru 292 milljónir króna. Þar af voru tekjur vegna rekstrar-samninga 44,7 milljónir, tekjur af námskeiðum námu 210,9 milljónum króna, verkefnatekjur voru 25,5 milljónir og aðrar tekjur 10,9 milljónir króna.

Rekstrargjöld voru 297 milljónir kr., fjármagnstekjur voru 4 milljónir kr. og var rekstrarniðurstaðan neikvæð um 1 milljón kr.

### Gæðamál og umbótastarf

Kveðið er á um lögbundið innra og ytra eftirlit með gæðum skólastarfs í framhaldsfræðslu samkvæmt 14. grein laga um framhaldsfræðslu. Tilgangurinn er að veita hagsmunaaðilum upplýsingar, tryggja árangur og gæði fræðslustarfsins og stuðla að umbótum.

Innra mat er skipulagt í starfi SÍMEY og er leitast við að virkja starfsfólk, verktaka og nemendur í matsferlinu. Innra mat tekur til fjölbreyttra matsaðferða, námskeiðsmats og sjálfsmats kennara/leiðbeinenda. Horft er til endurskoðunar á starfi, kennsluaðferða og verkferla auk virkrar endurgjafar til kennara, starfsmanna og þátttakenda.

SÍMEY er með frávíkaskráningu og umbótaáætlun auk lögbundinnar persónuverndarstefnu.

SÍMEY hefur gæðavottunina EQM+ (European Quality Mark) sem tekur til hönnunar, þróunar og umsýslu náms í fullorðinsfræðslu, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats.

Haustið 2024 fór SÍMEY í gegnum endurnýjað vottunarferli. Út úr þeirri vinnu fékkst vottun til þriggja ára og gildir hún til ársloka 2027. Upphaflega fékk SÍMEY árið 2012 EQM gæðavottun fyrir fræðslustarf en þessi endurnýjaða vottun er víðtækari og tekur einnig til náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Matsaðili var fyrirtækið Ásgarður - Íslensk skólaráðgjöf sem fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, sem vottunaraðila EQM+ hér á landi, tekur út allar símenntunarmiðstöðvar landsins vegna endurnýjunar gæðavottunar.

EQM+ er evrópskt, gegnsætt matsferli fyrir fræðsluaðila sem er hannað til þess að mæta auknum kröfum um gagnsemi náms og gæðaviðmið fyrir fræðsluaðila utan hins formlega skólakerfis. Meðal annars er horft til gæða þjónustunnar sem er veitt, innri gæðastjórnunar, verklagsreglna og hvernig núverandi starfshættir ríma við viðurkennd gæðaviðmið. Með gæðavottun EQM+ er staðfest að SÍMEY standist kröfur um gæði í fræðslustarfi, raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf. EQM+ er hannað til að mæta síauknum kröfum um gagnsemi náms og sameiginleg gæðaviðmið fyrir fræðsluaðila utan hins formlega skólakerfis.

EQM tekur mið af:

- Gæðum þjónustunnar sem fræðsluaðili veitir.
- Innri gæðastjórnun og verklagsreglum fræðsluaðila.
- Hvernig núverandi starfshættir samræmast viðurkenndum gæðaviðmiðum.

### Gæðahandbók

Innra mat, verkferlar, vinnulýsingar, gátlistar og eyðublöð eru skjalfest í gæðahandbók SÍMEY sem vistuð er á innra kerfi miðstöðvarinnar (0365) og er einnig sýnileg á heimasíðunni.

## 2. SAMSTARFSSAMNINGAR OG VERKEFNI

### Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

SÍMEY er einn af samstarfsaðilum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA), sem er í eigu Alþýðusambands Íslands (ASÍ), Samtaka atvinnulífsins (SA), Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), fjármálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Mennta- og barnamálaráðuneytið veitir fé til reksturs FA og af fjárlögum hvers árs fær Fræðslusjóður framlag. Þeim fjármunum er ráðstafað til viðurkenndra fræðsluáðila til að mæta kostnaði við námskeiðahald (vottaðar námsleiðir), náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat og einnig til þróunarverkefna.

Hlutverk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er að vera samstarfsvettvangur ASÍ, SA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytis um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtakanna. Markmiðið er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið framhaldsskóla eða hæfniprepi þrjú samkvæmt íslenska hæfniramma, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Starfsemin byggir á samþykktum félagsins og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við mennta- og barnamálaráðuneytið.

Hlutverk SÍMEY í samstarfi við FA og með árlegri úthlutun er að bjóða upp á vottaðar námsleiðir, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat. Meginmarkmiðið með þessum verkefnum er að veita aðgang að þessum námsleiðum og þá sérstaklega þeim sem ekki hafa lokið lengra námi (hæfniprep 3), fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi úr framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum samþærilegum hópum, tækifæri til að afla sér menntunar og auka möguleika sína á vinnumarkaði. SÍMEY hefur einnig unnið að þróunarverkefnum með styrkjum úr Fræðslusjóði sem hafa þann tilgang að þróa verkfæri framhaldsfræðslunnar.

### Náms- og starfsráðgjöf

Hjá SÍMEY starfar Helena Sif Guðmundsdóttir, náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri. Auk hennar starfa hjá SÍMEY Heiða Björk Pétursdóttir, Jenný Gunnarsdóttir, Jónína Margrét Guðbjartsdóttir, Sigurlaug Indriðadóttir Unnardóttir og Þórdís Gísladóttir sem ráðgjafar og verkefnastjórar. Á árinu störfuðu einnig Anna María Jónsdóttir, Kristín Björk Gunnarsdóttir og Ingunn Helga Bjarnadóttir sem ráðgjafar og verkefnastjórar en þær létu af störfum um mitt ár.

Verkefni náms- og starfsráðgjafa eru fjölbreytt og snúa að víðtækri þjónustu innan SÍMEY. Megináhersla er lögð á einstaklingsráðgjöf fyrir nemendur og aðra sem nýta sér þjónustu stofnunarinnar. Þá veita ráðgjafar einnig stuðning og leiðsögn til einstaklinga á vinnumarkaði, fólks í atvinnuleit og þeirra sem sækja um eða taka þátt í raunfærnimati. Auk hefðbundinnar ráðgjafar koma ráðgjafar að ýmsum öðrum verkefnum, svo sem kennslu, þarfagreiningu og aðstoð við umsóknir um styrki, bæði í sjóði og til stéttarfélaga. Þeir sinna jafnframt utanumhaldi og ráðgjöf fyrir flóttafólk og aðra innflytjendur og veita skjólstæðingum Fjölmennar stuðning eftir þörfum.

Náms- og starfsráðgjafi tekur þátt í skipulagningu námsleiða og námskeiða og gerð stundaskráa. Helena ber ábyrgð á utanumhaldi raunfærnimats, þar með talinni ráðgjöf og skipulagi tengt því ferli. Hún sinnir einnig framkvæmd áhugasviðskannana, aðstoðar við gerð ferilskráa og kynningarbréfa og veitir stuðning við undirbúning atvinnuviðtala. Þá leiðbeinir hún einstaklingum í tengslum við náms- og starfsval, meðal annars með það að markmiði að efla sjálfstraust og skýra framtíðarsýn þeirra. Eins og áður er starfsemin í stöðugri þróun og ný verkefni bætast reglulega við í takt við þarfir samfélagsins og áherslur SÍMEY.

Á árinu 2025 var áfram unnið í góðu samstarfi við Starfsendurhæfingu Norðurlands. Skjólstæðingum þar stóð til boða þátttaka í námsleiðunum Líf og heilsa og Uppléið. Þá sóttu hópar frá Starfsendurhæfingu Norðurlands námskynningar og fóru í áhugasviðskannanir hjá SÍMEY undir leiðsögn Helenu og ýmist Önnu Maríu eða Jónínu, ráðgjöfum og verkefnastjórum vottaðs náms.

Á árinu var einnig umtalsverð spurn eftir ráðgjafarviðtölum fyrir aðra einstaklinga. Þar má nefna ráðgjöf tengda raunfærnimati, stuðning við nemendur í námi, leiðsögn fyrir þá sem hyggja á nám, sjálfsstyrkingu og framkvæmd áhugasviðskannana svo dæmi séu tekin. Þegar allt er talið námu ráðgjafarviðtöl ársins 2025 alls 431, sem er svipað og árið 2024.


## Raunfærnimat

Raunfærnimat er staðfesting á reynslu, þekkingu og færni einstaklinga á vinnumarkaði. Markmið með raunfærnimati er að einstaklingar geti fengið þessa reynslu, þekkingu og færni metna til styttingar á námi eða til að sýna fram á færni á vinnumarkaði. Þeir sem fara í raunfærnimat, í hvaða starfsgrein sem er, þurfa að hafa að minnsta kosti þriggja ára starfsreynslu í starfsgreininni og vera að lágmarki 23 ára að aldri.

Boðið er upp á raunfærnimat í hinum ýmsu starfsgreinum og árið 2025 fóru flestir í raunfærnimat í SÍMEY í félags- og leikskólaliða og stuðningsfulltrúa. Að stórum hluta tengdist þetta því að þessar þrjár námsleiðir eru og hafa verið í boði í SÍMEY síðustu ár. Þar að auki var boðið upp á raunfærnimat fyrir störf sjúkraliða, störf í ferðaþjónustu, matartækna og starfsfólk íþróttamannvirkja. Þá fóru á árinu nokkrir í gegnum raunfærnimat í húsasmíði, stálsmíði og vélstjórn í samstarfi við IÐUNA fræðslusetur og skipstjórn í samstarfi við Visku – fræðslu og símenntunarmiðstöð.

Raunfærnimatið er unnið í góðu samstarfi við IÐUNA fræðslusetur, Verkmenntaskólann á Akureyri, Visku – fræðslu og símenntunarmiðstöð og fleiri aðila.

Á árinu 2025 fóru 46 einstaklingar í gegnum raunfærnimat í SÍMEY með frábærum árangri. Þar sem einingar voru metnar fengu þátttakendur að meðaltali um 55 framhaldsskólaeiningar metnar. Heildarfjöldi staðinna eininga var um 2500, sem er um 700 fleiri einingar en árið 2024.



Á árinu 2025 fóru 46 í gegnum raunfærnimat í SÍMEY en það er öflugt tæki til staðfestingar á reynslu, þekkingu og færni einstaklinga á vinnumarkaði.

## Gott samstarf við fyrirtæki og stofnanir

Gott samstarf við fyrirtæki og stofnanir á Eyjafjarðarsvæðinu er ein af áherslum SÍMEY. Á árinu 2025 var unnið áfram eftir gildandi fræðsluáætlunum fyrir starfsfólk grunnskóla og velferðarsvið Akureyrarbæjar.

Eins og undanfarin ár hélt SÍMEY ásamt Farskólanum á Norðurlandi vestra og Þekkingarneti Þingeyinga utan um fræðslu fyrir starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN) þar sem einnig var unnið samkvæmt gildandi fræðsluáætlun.

Alls var haldið 91 námskeið á árinu undir merkjum fyrirtækjaskóla eða í beinu samstarfi við stofnanir og fyrirtæki. Þátttakendur voru alls 1032.

**Samstarf við stéttarfélagin um námskeiðahald**  
SÍMEY og Farskólinn á Norðurlandi vestra voru, eins og undanfarin ár, í góðu samstarfi um framboð námskeiða sem stéttarfélög bjóða sínu félagsfólki.

Á árinu 2025 voru samtals haldin 44 námskeið í þessu samstarfi, bæði vef- og staðnámskeið, og voru þátttakendur samtals 404. Staðnámskeið voru í boði á Akureyri og í Fjallabyggð. Þau voru af fjölbreyttum toga, t.d. var boðið upp á konfekt-námskeið, námskeið um ýmsa persónulega færni, um fjármál, streitu, snjalltæki og margt fleira.

Velgengi þessara námskeiða byggir á góðu samstarfi við lðuna fræðslusetur, stéttarfélagin Einingulöju, Kjöl, Sameyki og þá starfsmenntasjóði sem standa þeim að baki. Félagsmenn stéttarfélaganna sóttu námskeiðin sér að kostnaðarlausu á Eyjafjarðarsvæðinu.

### **Nám fyrir fólk með fötlun**

Á vorönn 2025 var lögð áhersla á samtal við ýmsa aðila á Akureyri um möguleika á eflingu námsframboðs fyrir fólk með fötlun. Á önninni voru haldin sívinsæl námskeið eins og myndlistar- og matreiðslunámskeið.

Fyrir haustönn 2025 var ráðist í kynningarherferð, gerð voru auglýsingaspjöld sem hengd voru upp víða um bæinn og útbúnir bæklingar í þríbroti. Verkefnastjóri heimsótti Plastiðjuna Bjarg-löjúlund og Skógarlund og kynnti starfsfólki þessara vinnustaða námsframboð í SÍMEY og afhenti því bæklinga.

Á haustönn var síðan boðið upp á ný námskeið í förðun og handavinnu auk matreiðslunámskeiðs á Dalvík. Tókust þessi námskeið sérlega vel og lýstu þátttakendur ánægju með þau. Á haustönn voru líka margir nýir þátttakendur á myndlistar- og matreiðslunámskeiðunum. Til marks um það voru tveir hópar í matreiðslu á önninni.

Heildarfjöldi þátttakenda var um 100, þar af 65 á haustönn og hafa ekki verið fleiri í nokkur ár. Má því draga þá ályktun að kynningarstarfið hafi borið árangur og er stefnt að því að halda áfram á sömu braut næsta haust.

### **Prófamiðstöð**

SÍMEY býður upp á prófþjónustu sem snýr að framhaldsskólum, háskólum og öðrum stofnunum s.s. Náttúruverndarstofnun vegna veiðikorta og skotvopnaprófa, Háskólanum á Bifröst, Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands, Endurmenntun HÍ, Háskólanum í Reykjavík, Keili og framhaldsskólum um allt land. Margir taka próf vegna vinnuvélaréttinda og einnig hefur aukist að nemendur við erlenda háskóla taki próf í SÍMEY.

Í samstarfi við Mími-símenntun hefur SÍMEY haft milligöngu um próf fyrir fólk sem sækir um íslenskan ríkisborgararétt og eru þau haldin tvisvar á ári, að vori og hausti. Mikil aukning hefur verið í próftöku vegna ríkisborgararéttar.

Aðstaða til próftöku er góð í SÍMEY enda eru rýmin hentug og vel tækjum búin. Í námsveri SÍMEY á Dalvík er einnig þjónusta við próftaka.

Á árinu 2025 þreyttu tæplega 600 manns próf hjá SÍMEY, sem er nánast sami fjöldi og árið 2024. Þar af stunda 213 próftakar nám við háskóla en 382 við framhaldsskóla og aðra skóla.

### **Lengra nám í SÍMEY**

Undanfarin ár hefur orðið ákveðinn vöxtur í lengri námsleiðum og er unnið að því að finna leiðir til að mæta þörfum fólks á svæðinu. Á árinu 2025 voru yfir 400 skráðir í lengra nám, sem er um 100 fleiri en 2024, og skiptust í 52 námshópa innan 15 námskráa. Stór hluti þátttakenda lagði stund á nám í þjónustutengdum greinum, svo sem leikskólaliðabré, stuðningsfulltrúabré og félagsliðagátt auk náms í íslensku sem öðru máli.

Á vorönn var boðið upp á nám í Grafískri hönnunarsmiðju og lauk einn hópur námi á þeirri námsleið.

Tveir hópar luku einnig námi í Málmsuðusmiðju, annar á vorönn og hinn á haustönn, en námið hefur verið í boði hjá SÍMEY til fjölda ára.

Í fyrsta skipti í langan tíma var boðið upp á grunnnám í fiskvinnslu og voru um 75 þátttakendur skráðir í það á haustönn. Námið var unnið í samstarfi við Samherja og er hluti af kjarasamningsbundinni fræðslu fyrir þeirra starfsfólk. Samstarf við Starfsendurhæfingu Norðurlands var áfram mjög gott og luku fimm námshópar námi þar á árinu í námsleiðunum Stökkpalli og Uppleið.

Áfram var boðið upp á staka áfanga í Menntastoðum sem hefur reynst vel fyrir einstaklinga sem eru að hefja nám á ný eftir langt hlé og einnig nýtist námið vel þeim sem stunda iðnnám á framhaldsskólastigi og vilja ljúka almennum bóklegum greinum á skemmri tíma.

## Íslenska sem annað tungumál

Þátttaka innflytjenda í íslenskunámi var virkilega góð á árinu 2025. Haldin voru 37 námskeið á Akureyri, 19 á vorönn og 18 á haustönn. Einnig voru haldin 18 fjarnámskeið í íslensku, 11 á vorönn og 7 á haustönn. Boðið var upp á námskeið á fjórum ólíkum getustigum, A1-B1 miðað við evrópska hæfnirammann. Auk þess voru haldin námskeið út frá námskránni Að lesa og skrifa á íslensku fyrir arabískumælandi fólk. Þau námskeið eru skilgreind á getustigi A0 þar sem þau samræmast ekki viðmiðum tungumálarammans.

Á árinu luku 515 nemendur námi í íslensku sem öðru máli, ýmist á hefðbundnum íslenskunámskeiðum í stað- og fjarnámi eða í vottuðum námsleiðum.



Á árinu stóð SÍMEY fyrir 37 námskeiðum á Akureyri í íslensku fyrir fólk af erlendum uppruna, 19 á vorönn og 18 á haustönn. Einnig voru haldin 18 fjarnámskeið. Hér eru tíu nemendur á íslenskunámskeiði í SÍMEY í febrúar 2025.

## Landneminn og önnur samfélagsfræðsla

Haldin voru sex samfélagsfræðslunámskeið kennd við Landnemann á árinu og voru þau öll á rússnesku/úkraínsku. Þátttakendur voru 100 talsins. Námskeiðin voru hluti af samræmdri móttöku flóttafólks og unnin í samstarfi við Vinnumálastofnun.

## Bara tala

Haustið 2024 tók SÍMEY upp samstarf við fyrirtækið Bara tala ehf. í Reykjavík um stafræna nálgun Bara tala í íslenskukennslu fyrir innflytjendur. Samstarfið fól í sér að allir nemendur sem skrá sig í íslenskunám hjá SÍMEY fá þriggja mánaða áskrift að appinu. Hluti samstarfsins fólst í því að veita endurgjöf á appinu til Bara tala ehf. og taka þannig þátt í þróun þess. Áframhald var á samstarfinu árið 2025 til þess að auka fjölbreytni í íslenskunámi fyrir fólk af erlendum uppruna.

## Grunnnám fyrir skólaliða

Vorið 2025 var farið af stað með skólasmiðju fyrir fólk sem hefur áhuga á að starfa með börnum í grunn- og leikskólum. Námið er ætlað þeim sem hafa umsjón með börnum í útivist, á matmálistímum, á göngum og fataklefum auk þess að fylgjast með umhverfi og umgengni. Einnig nýtist námið þeim sem aðstoða kennara þegar verið er að sinna börnum. Sérstök áhersla er á að þátttakendur átti sig á að leikskólinn er fyrsta skólástig og upphaf formlegrar menntunar á Íslandi og að unnið er út frá aðalnámskrá mennta- og barnamálaráðuneytisins. Níu nemendur brautskráðust, átta konur og einn karl.

Verkefni sem þetta er mikilvægur liður í því að tengja innflytjendur inn á vinnumarkaðinn og var almenn ánægja með hvernig til tókst.

## Starfstengt íslenskunámskeið á Krílakoti

Í október 2025 tóku SÍMEY, Dalvíkurbyggð og leikskólinn Krílakot á Dalvík höndum saman um að bjóða fjórum starfsmönnum leikskólans af erlendum uppruna upp á starfstengt námskeið í íslensku. Um kennsluna sá Dagbjört Ásgeirsdóttir, sem er menntaður leikskólakennari og hefur áður kennt á íslenskunámskeiðum í SÍMEY.

Til þess að meta íslenskukunnáttu ellefu starfsmanna leikskólans af erlendum uppruna var vorið 2025 lagt fyrir þá stöðupróf í íslensku samkvæmt evrópska tungumálarammanum og út frá niðurstöðum þess var fjórum af starfsmönnum leikskólans boðið að hefja þetta starfstengda íslenskunám. Um var að ræða 40 klukkustunda námskeið sem var kennt tvo morgna í viku, hálfan annan tíma í senn, í húsnæði leikskólans. Dalvíkurbyggð greiddi námskeiðsgjöld að fullu og því var námskeiðið þátttakendunum að kostnaðarlausu.

Með þessu námskeiði var fetuð ný slóð í íslenskunámi fyrir fólk af erlendum uppruna og má líta á það sem vel heppnað tilraunaverkefni. Annars vegar var nýmæli að bjóða upp á námið innan veggja leikskólans og sem hluta af starfstímanum á leikskólanum. Hins vegar var óvenjulegt að leggja áherslu á þjálfun talmáls og hagnýtan orðaforða starfsmannanna út frá daglegu starfi þeirra á leikskólanum, m.a. varðandi samskipti við samstarfsfólk, leikskólabörn og foreldra þeirra.

Svo góð reynsla fékkst af þessu íslenskunámskeiði á Krílakoti haustið 2025 að ákveðið var að bjóða starfsmönnum fjórum upp á 40 klukkustunda framhaldsnámskeið á vorönn 2026. Það hófst í febrúar og lýkur á vordögum.



*Dagbjört Ásgeirsdóttir kennari með nemendum sínum á Krílakoti á Dalvík. Þar hófst í október 2025 starfstengt 40 klukkustunda íslenskunám fyrir fjóra starfsmenn leikskólans af erlendum uppruna. Framhaldsnámskeið er á vorönn 2026.*

### 3. Tímabundin verkefni og þróunarstarf

#### Fræðsludagar fyrir starfsfólk grunnskóla Akureyrarbæjar

Dagana 19.-20. ágúst 2025, í aðdraganda nýs skólaárs, var boðið upp á námskeið í SÍMEY fyrir starfsfólk grunnskóla Akureyrar. Kristín Linda Jónsdóttir, sálfræðingur hjá Huglind, var með erindi sem hún kallaði Þín líðan, streitustjórnun, heilsusamleg vinnuhegðun og lífsgæði og Ingibjörg Margrét Magnúsdóttir kennsluráðgjafi var með erindið Áfallastreita og börn á flóttu.

Þessir fræðsludagar voru hluti af gildandi þriggja ára fræðsluáætlun fyrir fræðslu- og lýðheilsusvið Akureyrarbæjar. SÍMEY hefur lengi verið í farsælu samstarfi við fræðslu- og lýðheilsusvið og starfsmenntasjóðina Sveitamennt og Mannauðssjóð Kjalar um hin ýmsu fræðsluverkefni fyrir grunnskóla Akureyrarbæjar. Haustið 2023 var undirritaður samningur um Fræðslustjóra að láni og áframhaldandi samstarf þessara aðila og var í framhaldinu unnin starfagreining í grunnskólum Akureyrarbæjar út frá hugmyndafræði Markviss. Hún tók til þess starfsfólks skólanna sem starfar samkvæmt kjarasamningum Einingar-löju og Kjalar við samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í framhaldinu var unnin fræðsluáætlun til þriggja ára sem var byrjað að vinna eftir haustið 2024.

Af hálfu SÍMEY unnu fyrst að þessu verkefni Ingunn Helga Bjarnadóttir og Sigurlaug Indriðadóttir Unnar-dóttir en á árinu 2025 tóku við því Þórdís Gísladóttir og Heiða Björk Pétursdóttir.

#### Fjölþætt fræðsla fyrir starfsfólk velferðarsviðs Akureyrarbæjar

Á árinu 2025 var boðið upp á fræðslu, samkvæmt gildandi fræðsluáætlun, fyrir starfsfólk velferðarsviðs Akureyrarbæjar.

Fyrstu fræðsludagarnir samkvæmt fræðsluáætluninni voru 17.-20. febrúar í SÍMEY. Anna Steinsen frá menntunar- og þjálfunarfyrirtækinu KVAN, var með erindi um jákvæð samskipti/hóp-efli og Áslaug Melax einhverfuráðgjafi ræddi um réttindi fatlaðs fólks, sjálfræði og sjálfstæða búsetu, nauðung og þvingun.

Næst voru fræðsludagar 5.-8. maí þar sem fulltrúi frá Rauða krossinum fjallaði um sálfélagsglegan stuðning og Ólafur Örn Torfason forstöðumaður hjá Akureyrarbæ ræddi um valdeflingu. Í hugtakinu valdefling felst allt sem lýtur að því að bæta og efla sjálfsmynd íbúa, sjálfstraust og sjálfsvirðingu, félagslega stöðu og lífsgæði.

Þriðju fræðsludagar ársins voru 15.-18. september og þar ræddu Anna Marit Níelsdóttir og Arna Jakobsdóttir, sem báðar starfa á velferðarsviði Akureyrarbæjar, um atvikaskráningar og gæðamál og Eypór Víðisson, öryggisfræðingur hjá Akademas, var með erindið Erfið og ógnandi hegðun.

Dagana 10.-13. nóvember, á fjórðu fræðsludögum ársins, ræddi Huld Aðalbarnadóttir, kennari og skólustjóri, um valdeflandi starfsánægju.

Þá skal þess getið að dagana 1.-4. apríl 2025 luku níu starfsmenn á velferðarsviði námskeiði sem fyrirtækið Traustur Kjarni stóð fyrir um jafningjafræðslu í þjónustu við fatlaða.

Fræðsla fyrir starfsfólk velferðarsviðs Akureyrarbæjar á sér talsverða forsögu. Árið 2024 var gerður samningur SÍMEY og velferðarsviðs um verkefnið Fræðslustjóri að láni. Að honum kom Sveitamennt og einnig styrkti Starfsþróunarsetur háskólamanna verkefnið. SÍMEY hélt utan um greiningarvinnu og gerð fræðsluáætlunar. Af hálfu SÍMEY unnu fyrst að verkefninu Ingunn Helga Bjarnadóttir og Sigurlaug Indriðadóttir Unnar-dóttir en á árinu 2025 tóku við því Þórdís Gísladóttir og Heiða Björk Pétursdóttir.

Sú fræðsluáætlun sem unnið er eftir er til þriggja ára, 2025 til 2027. Miðað er við fræðslu fyrir allt starfsfólk velferðarsviðs Akureyrarbæjar sem í það heila telur tæplega fimm hundruð manns. Um er að ræða námskeið í stað- eða fjarkennslu, auk sértækra fræðslu fyrir markhópa í stoð- og stuðningsþjónustu.

Á velferðarsviði Akureyrarbæjar eru sautján starfs-einingar, t.a.m. félagsþjónusta, þjónustu- og búsetu-úrræði fyrir fatlað fólk og barnavernd. Meirihluti starfsmanna velferðarsviðs er í stéttarfélaginu Einingar-löju og BHM.



Starfsfólk velferðarsviðs Akureyrarbæjar á námskeiði í SÍMEY 17. febrúar 2025.

## Fræðsla og starfsþróun starfsfólks HSN

Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN), SÍMEY, Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra og Þekkingarnet Þingeyinga hafa undanfarin ár verið í samstarfi um fræðslu og starfsþróun starfsfólks HSN.


Þar sem starfsemi HSN nær frá Blönduósi til Þórs-hafnar er samstarf símenntunarmiðstöðvanna þriggja lykilkáttur í að halda vel utan um símenntun starfsmanna á víðfeðmu svæði. Í boði eru fjölbreytt námskeið, ýmist í stað- eða rafrænni kennslu, og er unnið að þjálfun og fræðslu starfsmanna á grundvelli Markviss þarfagreiningar.

## LOFTUM-umhverfisverkefninu lauk á árinu 2025

LOFTUM umhverfisverkefnið hófst árið 2022 þegar SÍMEY og Þekkingarnet Þingeyinga fengu styrk úr Sóknaráætlun Norðurlands eystra til að greina fræðsluþörf starfsfólks og kjörinna fulltrúa innan Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra -SSNE á sviði loftslags- og umhverfismála. Í kjölfarið var skipaður starfshópur sem í voru fulltrúar frá Umhverfisstofnun, Veðurstofnunni, SSNE og Landvernd auk kjörinna fulltrúa á svæði SSNE. Í framhaldinu var unnin fræðsluáætlun til þriggja ára, til loka árs 2025. Á því hálfu fjórða ári sem unnið hefur verið að LOFTUM-verkefninu hafa verið haldin fjölbreytt námskeið á sviði loftslags- og umhverfismála, einnig vinnustofur og fyrirlestrar í stað- og fjarkennslu.

Ein mikilvægasta afurðin í verkefninu er LOFTUM-skólinn, rafrænn skóli í loftslags- og umhverfismálum, sem var ýtt úr vör haustið 2024. Þar hafa starfsmenn sveitarfélaga og kjörnir fulltrúar á Norðurlandi eystra endurgjaldslausan aðgang að fjölbreyttri fræðslu í umhverfis- og loftslagsmálum. Sem dæmi um fræðslu í LOFTUM-skólanum má nefna Efni í umhverfi barna, Grænáninn, Græn skref, Loftslagsmál og losunarbókhald sveitarfélaga, Hringrásarhagkerfi, Samgöngumiðað skipulag og virkir ferðamátar og Strætóskólinn (fyrir 5. bekk grunnskóla). LOFTUM-skólinn er öllum aðgengilegur á heimasíðum SÍMEY og Þekkingarnets Þingeyinga.

LOFTUM-umhverfisverkefninu lauk undir lok árs 2025, eins og lagt var upp með. Að því unnu af hálfu SÍMEY Ingunn Helga Bjarnadóttir og Kristín Björk Gunnarsdóttir en Hilmar Valur Gunnarsson af hálfu Þekkingarnets Þingeyinga.



LOFTUM-umhverfisverkefnið hófst árið 2022 og því lauk eins og lagt var upp með undir lok árs 2025. Ein af mikilvægustu afurðum verkefnisins er LOFTUM-skólinn, rafrænn skóli í loftslags- og umhverfismálum.

## Umhverfisverkefnið „Græn umskipti“

Undir lok árs 2025 var lokið við þróunarverkefnið Græn umskipti sem SÍMEY og Þekkingarnet Þingeyinga höfðu unnið að í tæp tvö ár í samvinnu við sveitarfélög og atvinnulífið á Norðurlandi eystra. Markmið með verkefninu var að gera stutt fræðslumyndbönd um umhverfismál í því skyni að auka umhverfisvitund, stuðla að minni neyslu og ýta undir rétta meðhöndlun úrgangs. Að verkefninu unnu af hálfu SÍMEY verkefnastjórnarnir Kristín Björk Gunnarsdóttir og Ingunn Helga Bjarnadóttir en af hálfu Þekkingarnets Þingeyinga Hilmar Valur Gunnarsson verkefnastjóri.

Í júní 2024 var gerður samningur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, SÍMEY og Þekkingarnets Þingeyinga um styrk til verkefnisins og í kjölfarið hófst vinnan. Til að byrja með var fundað með fagaðilum á sviði umhverfis- og loftslagsmála til að ákvarða efnistöð fyrir fræðslumyndböndin. Að þeirri vinnu komu einnig starfsmenn SSNE – Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra.

Í framhaldinu var ákveðið að gera annars vegar myndband fyrir einstaklinga og fyrirtæki um moltugerð og hins vegar myndband um svokallaða frískápa.

Við gerð myndbandsins um moltugerð var leitað til einstaklings sem hefur reynslu af moltugerð og hefur notað moltuna í kartöflugarðinn heima hjá sér og einnig lögðu verkefninu lið sveitarfélagið Þingeyjarsveit og Berjaya Hótel í Mývatnssveit. Amtsbókasafnið á Akureyri kom að gerð myndbandsins um frískápa enda stendur einn slíkur við Amtsbókasafnið.

Gerður var samningur við framleiðslufyrirtækið Eyrarland á Akureyri um upptökur og eftirvinnslu myndbandanna.

Handritsgerð var í höndum verkefnastjóranna þriggja í samstarfi við Eyrarland og þá einstaklinga og stofnanir sem komu fram í myndböndunum.

Upptökur myndbandanna um moltugerð voru í maí 2025 í Mývatnssveit og tóku þær tvo daga. Aðra tvo daga í september 2025 var tekið upp efni í myndbandið um frískápana. Eyrarland sá um samsetningu og eftirvinnslu og skilaði báðum fræðslumyndböndunum, sem hvort var innan við fjórar mínútur að lengd, um mánaðamótin október-nóvember 2025.

Þau voru í kjölfarið send til stofnana og sveitarfélaga á starfssvæðum Þekkingarnets Þingeyinga og SÍMEY. Einnig voru þau birt á miðlum SÍMEY og Þekkingarnetsins.

Það er mat þeirra sem að verkefninu stóðu að vel hafi til tekist og því markmiði hafi verið náð að gera stutt og hnitmiðuð myndbönd um græna færni í umhverfis- og loftlagsmálum.



Í umhverfisverkefninu Græn umskipti voru gerð tvö fræðslumyndbönd um umhverfismál, annars vegar um moltugerð og hins vegar um svokallaða frískápa. Við Amtsbókasafnið á Akureyri er einn slíkur frískápur.

### Starfsfólk Samherja á grunnnámskeiði í fiskvinnslu

Starfsmenn í fiskvinnslu Samherja á Akureyri og Dalvík hófu vorið 2025 grunnnámskeið í fiskvinnslu en það er kjarasambandsbundið námskeið sem öllum í fiskvinnslu er boðið að taka og byggir á samnefndri námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Um er að ræða 128 klukkustunda nám á 1. hæfniprepi og er blanda bóklegs og verklegs náms.

Snemma árs 2025 leitaði Samherji samstarfs við

SÍMEY um að skipuleggja og halda utan um grunnnámskeið í fiskvinnslu fyrir allt starfsfólk félagsins í landvinnslu á Akureyri og Dalvík. SÍMEY fékk til liðs við sig Fisktækniskóla Íslands og sáu kennarar hans um bóklega hluta námskeiðsins sem hófst vorið 2025. Þátttakendur sóttu sér fyrirlestra, glærुकyningar og verkefni í gegnum kennsluvefinn LearnCove. Í þessum bóklega hluta námsins, sem þátttakendur þurftu að hafa lokið í árslok 2025, var m.a. fjallað um hina ýmsu þætti sem tengjast fiskvinnslu á einn eða annan hátt, t.d. innra eftirlit, hreinlæti og öryggi á vinnustöðum. Einnig var fjallað um fjölmenningu, sjálfsstyrkingu og umhverfismál.

Verklegi hluti námskeiðsins er skyndihjálp og rétt líkamsbeiting og voru fyrstu námskeiðin undir lok árs 2025. Stefnt er að því að ljúka þeim og þar með öllu grunnnámskeiðinu á vordögum 2026. Leiðbeinendur frá Rauða krossi Íslands kenna skyndihjálpinu en kennsla líkamsbeitingar hefur verið í höndum þriggja iðjuþjálfara á Akureyri.



Vorið 2025 hófu um 160 starfsmenn í landvinnslu Samherja á Akureyri og Dalvík grunnnámskeið í fiskvinnslu. SÍMEY hefur skipulagt og haldið utan um námskeiðið sem er stefnt að því að ljúka vorið 2026.

### Nám fyrir dyraverði

SÍMEY hefur undanfarin ár haldið námskeið fyrir dyraverði í samvinnu við Einingu-lögu og lögregluna á Norðurlandi eystra og á því varð engin breyting á árinu 2025. Lágmarksaldur þeirra sem vilja starfa sem dyraverðir er 20 ár og skulu þeir hafa hreint sakavottorð.

Dyravarðanámskeiðið var í mars og lauk með brautskráningu 12 dyravarða þann 2. apríl í SÍMEY. Auk þess var haldið þriggja kvöldu endurmenntunarnámskeið fyrir dyraverði.

Á dyravarðanámskeiðunum er m.a. fjallað um lög um veitinga- og gististaði, skemmtanahald, borgaralegar handtökur, áfengislög og reglugerð um leyfi til þess að hafa áfengi á boðstólum. Einnig er

Þjallað um fíkniefni, skoðun skilríkja, sjálfsvörn, réttindi og skyldur dyravarða og tryggingamál þeirra, brunavarnir, neyðarmóttöku SAK og síðast en ekki síst er farið í alla grunnþætti í skyndihjálp, enda afar mikilvægt að dyraverðir búi yfir góðri kunnáttu í henni.



Nýútskrifaðir dyraverðir í SÍMEY í apríl 2025.

### Góðir gestir frá Cork

Í nóvember 2025 komu í heimsókn í SÍMEY góðir gestir frá borginni Cork á Írlandi. Tilgangur með heimsókninni, sem var styrkt af Erasmus+ menntaáætlun ESB, var að kynna sér eitt og annað í menntamálum á Íslandi, ekki síst varðandi framhaldsfræðslu. Heimsóknin var í framhaldi af heimsókn starfsfólks SÍMEY til Írlands, m.a. til Cork, vorið 2024.

Auk þess að heimsækja SÍMEY heimsóttu gestirnir frá Cork Amtsbókasafnið, Háskólann á Akureyri, Menntaskólann á Akureyri og Verkmenntaskólann á Akureyri.

Nuala Glenton, ein sexmenninganna frá Cork, er í stjórnunarstöðu (Adult Education Officer) hjá Cork Education and Training Board, sem hefur á sinni könnu fullorðinsfræðslu og starfsþjálfun af ýmsum toga á Norður-Cork svæðinu. Þetta var hennar þriðja heimsókn til Íslands en hin fimm í ferðinni voru að koma til landsins í fyrsta skipti.

Fólksfjöldi á Cork-svæðinu á Írlandi er ekki ósvipaður og íbúafjöldi Íslands. Cork Education and Training Board varð til árið 2013 og á vegum þeirrar miðstöðvar eru þrjár grunnskólar á Cork-svæðinu. Framhaldsskólarnir, fyrir aldurinn 13-19 ára, eru hins vegar 29 talsins. Áður voru þeir aðskildir verknáms- og bóknámsskólar en það hefur breyst á undanförunum árum og nú eru þeir í auknum mæli bæði verk- og bóknámsskólar.



Í nóvember 2025 komu sex fulltrúar sem starfa á einn eða annan hátt að menntamálum Cork-svæðinu á Írlandi í heimsókn í SÍMEY. Auk kynningar á starfinu í SÍMEY heimsóttu Írarnir skóla- og menningarstofnanir á Akureyri. Þessi mynd var tekin við VMA. Með hinum írsku gestum eru verkefnastjórnarnir Helena Sif Guðmundsdóttir (lengst til vinstri) og Heiða Björk Pétursdóttir (lengst til hægri).

## Grafísk hönnunarsmiðja í annað skipti

Grafísk hönnunarsmiðja í umsjón grafíska hönnuðarins Heiðars Brynjarssonar var haldin í annað sinn á vorönn 2025 hjá SÍMEY. Námið var ætlað þeim sem voru að stíga sín fyrstu skref í stafrænni hönnun og vildu kynna helstu verkfærum sem notuð eru í faginu í dag.

Námið stóð yfir í tíu vikur og fór fram tvisvar í viku. Kennslan var skipulögð bæði sem staðnám og fjarnám, þar sem þátttakendur gátu tekið þátt hvort sem var á staðnum eða í gegnum netið. Lögð var áhersla á hagnýta nálgun þar sem nemendur fengu tækifæri til að prófa sig áfram og vinna eigin verkefni samhliða kennslu.

Kennt var á þrjú helstu forrit Adobe; Illustrator, Photoshop og Express. Á námskeiðinu var farið yfir grunnatriði í stafrænni hönnun, myndvinnslu og vektorteikningu auk þess sem nemendur lærðu að setja upp einfalt markaðsefni á borð við pósta fyrir samfélagsmiðla, auglýsingar og ýmis kynningarefni. Sérstök áhersla var einnig lögð á nýja möguleika gervigreindar í hönnunavinnu. Nemendur kynntust meðal annars gervigreindarverkfærum innan Adobe-forritanna og prófuðu einnig forritið Firefly, sem nýtist til að búa til myndir, grafík og hugmyndir með aðstoð gervigreindar.

Námskeiðið samanstóð af stuttum og hagnýtum fyrirlestrum, sýnidæmum og verkefnavinnu. Nemendur unnu einstaklingsverkefni sem þeir skiluðu vikulega til kennara og fengu þannig endurgjöf á vinnu sína jafnt og þétt yfir námskeiðið. Námið reyndist vinsæl viðbót við námsframboð SÍMEY og fékk góð viðbrögð frá þátttakendum. Margir þeirra sögðust geta nýtt sér þekkinguna beint í starfi, til dæmis í markaðs- og kynningarmálum á vinnustað, í eigin rekstri eða einfaldlega til að þróa eigin skapandi verkefni.

Námið var í samstarfi við Hugbúnaðarsetrið, sem er endursöluaðili Adobe hugbúnaðar á Íslandi. Sem hluti af náminu fengu allir þátttakendur ársleyfi að Adobe hugbúnaðarpakkanum til að vinna áfram með forritin að námskeiðinu loknu. Alls luku níu nemendur náminu á vorönninni.

Í lok námsins voru sýnd nokkur dæmi um verkefni sem nemendur unnu á námskeiðinu, meðal annars vektorteiknað merki eftir Sigurlaugu Helgadóttur, auglýsingapóster eftir Hörð Óskarsson og hönnun á nafnspjöldum eftir Guðrúnu Vöku og fleira.



Merki eftir Sigurlaugu Helgadóttur.



Nafnspjöld eftir Guðrúnu Vöku.



Auglýsingapóster eftir Hörð Óskarsson.

## SÍMEY fagnaði 25 ára afmæli

SÍMEY fagnaði 25 ára afmæli sínu á árinu og var tímamótanna minnst í tengslum við ársfund miðstöðvarinnar 22. maí.



### Stofnfundurinn 29. mars 2000

Stofnfundur Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar var haldinn 29. mars árið 2000. Undirbúningur hafði staðið yfir í um tvö ár. Atvinnumálanefnd Akureyrarbæjar ýtti þeirri vinnu úr vör og að henni komu einnig fulltrúar stofnana, atvinnulífsins og félagasamtaka. Verkefnastjórn skilaði tillögum í desember 1999 með drögum að samþykktum. Stofnaðilar SÍMEY voru Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Skatturinn, RARIK, Landsvirkjun, stéttarfélagin við Eyjafjörð á almenna markaðnum og þeim opinbera, Akureyrarbær, sveitarfélögin við Eyjafjörð og menntastofnanir á Akureyri.

Í fyrstu stjórn SÍMEY voru Baldur Dýrfjörð, fulltrúi opinberra fyrirtækja - sem varð formaður, Annette J. De Vink, fulltrúi fræðslustofnana, Arna Jakobína Björnsdóttir, fulltrúi opinberra stéttarféлага, Guðmundur Ómar Guðmundsson, fulltrúi almennra stéttarféлага, Heiðrún Jónsdóttir, fulltrúi almennra fyrirtækja, Hólmgeir Karlsson, fulltrúi sveitarféлага við Eyjafjörð, og Svavar Alfrið Jónsson, fulltrúi Akureyrarbæjar.

Fyrstu tvö árin bjó SÍMEY við nokkuð þröngan húsakost í Glerárgötu 36 á Akureyri. Einn af þeim kostum sem voru skoðaðir til þess að bæta úr húsnæðismálunum var að koma SÍMEY fyrir í Amtsbókasafninu á Akureyri, enda væru mögulega í því fólgin töluverð samlegðaráhrif. Þessar hugrenningar komu upp í tengslum við stækkun Amtsbókasafnsins en fyrsta skóflustungan að viðbyggingunni var tekin 1. júní 2001 og hún var síðan tekin í notkun 5. mars 2004. En þessar bollaleggingar um framtíðarhúsnæðislausn fyrir SÍMEY leiddu ekki til niðurstöðu og því hélt húsnæðisleitin áfram. Úr varð að SÍMEY flutti starfsemi sína árið 2003 á efri hæð Þórsstígs 4, þar sem Rafveita Akureyrar var áður til húsa. Starfsemi SÍMEY jókst ár frá ári sem kallaði á aukið rými. Höldur hafði fest kaup á húsnæðinu og úr varð, í samstarfi SÍMEY og Hölds, að byggja við húsið í austur og var sú viðbygging tekin í notkun í maí 2011.

### Verkefni Menntasmiðju kvenna færðust til SÍMEY

Þegar SÍMEY var sett á stofn hafði Akureyrarbær rekið Menntasmiðju kvenna á Akureyri í sex ár. Hún var í upphafi hugsuð sem þróunarverkefni til þriggja ára með það að markmiði að skapa atvinnulausum konum nýjan grunn til að byggja á í lífi og starfi. Nám í Menntasmiðju kvenna var dagnám, kennt samkvæmt stundaskrá alla virka daga í 14-16 vikur og var lögð áhersla á bóknám, verknám og sjálfsstyrkingu. Verknám var að miklu leyti í samstarfi við tólmstundamiðstöðina Punktinn. Árið 1999 var nafni Menntasmiðju kvenna breytt í Menntasmiðjan á Akureyri, í samræmi við útvíkkun starfseminnar. Þá var farið að bjóða upp á námskeið í atvinnuleit, nýliðanámskeið fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar, starfslokánámskeið, dagmæðranámskeið og fleira. Árið 2002 byrjaði Menntasmiðjan með Menntasmiðju unga fólksins en það var nám í svipuðum stíl og Menntasmiðja kvenna, ætlað atvinnulausu fólki á aldrinum 17-25 ára. Árið 2008 tók Starfsendurhæfing Norðurlands yfir rekstur Menntasmiðjunnar með starfssamningi við Akureyrarbæ.

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar hafði breiðari grunn en Menntasmiðjan, því að stofnun hennar komu aðilar vinnuarkaðarins og Akureyrarbær. Smám saman færðust ýmis verkefni sem Menntasmiðjan hafði á sinni könnu yfir til SÍMEY.

### Ellefu símenntunarmiðstöðvar

Innan Símenntar – samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva eru ellefu símenntunarmiðstöðvar og er SÍMEY ein af þeim stærstu. Það segir sína sögu um hversu víðfeðm starfsemin er að á árinu 2024 fóru sem næst þrjú þúsund manns í gegnum nám af ýmsum toga í SÍMEY. Til viðbótar sækja fjölmargir náms- og starfsráðgjöf í SÍMEY auk raunfærnimats.

Á þeim 25 árum sem eru liðin frá stofnun SÍMEY varð stærsta breytingin með lögum um framhaldsfræðslu og tilkoma Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Fræðslusjóðs. SÍMEY hefur mikilvægu hlutverki að gegna í fullorðinsfræðslu á starfssvæðinu en ekki síður hefur miðstöðin í auknum mæli komið til móts við óskir yngra fólks um fræðslu. Og ekki má gleyma hlut SÍMEY í fræðslu fyrir fólk af erlendum uppruna, hvort sem eru íslenskunámskeið eða samfélagsfræðsla af ýmsum toga.

## Afmælishófið 22. maí 2025

Sem fyrr segir var haldið upp á 25 ára afmæli SÍMEY í húsakynnum miðstöðvarinnar í framhaldi af ársfundi fyrir árið 2024. Boðið var upp á veitingar af þessu tilefni, ávörp voru flutt og tónlistaratriði.

Í ávarpi sínu sagði Valgeir Magnússon framkvæmdastjóri SÍMEY, sem hóf störf í SÍMEY árið 2006, að þegar SÍMEY var stofnuð fyrir 25 árum hafi markmiðin verið skýr; að efla þekkingu fólks á Eyjafjarðarsvæðinu, styrkja atvinnulífið og veita einstaklingum tækifæri til að vaxa, bæði í starfi og á persónulegu sviði. Enn sé unnið út frá sömu markmiðum en útfærsla verkefnanna hafi breyst í takti við samfélagsbreytingar. SÍMEY hafi átt í farsælu samstarfi við fyrirtæki, stofnanir, stéttarfélög, starfsmenntasjóði og skólakerfið og fyrir það beri að þakka. Ekki síður beri að þakka starfsfólki SÍMEY fyrr og nú fyrir elju og fagmennsku og einnig öllum þeim kennurum sem hafi lagt hönd á plóg. Að ógleymdum öllum þeim sem hafi nýtt sér þjónustu SÍMEY.

„Við lítum um öxl með stolti en einnig fram á veginn með spennu. Þörfin fyrir símenntun hefur aldrei verið meiri og við erum tilbúin að halda áfram að þróast, svara nýjum áskorunum og opna nýjar dyr fyrir enn fleiri. Þörfin fyrir þessa starfsemi framhaldsfræðslunnar hefur aldrei verið meiri. Þörfin fyrir kerfi sem hefur bæði sveigjanleika og aðlögunarhæfni til að mæta mjög breytilegum og fjölbáttum þörfum samfélags er mjög mikil og fer vaxandi,“ sagði Valgeir meðal annars í ávarpi í afmælishófinu, en hann er fjórði framkvæmdastjórinn á þessum 25 árum, áður hafa gegnt starfinu Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, Soffía Gísladóttir og Erla Björk Valgerðar Guðmundsdóttir.

Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður stjórnar SÍMEY, sagði að meginhlutverk SÍMEY hafi frá upphafi verið skýrt: Að efla símenntun í Eyjafirði og stuðla að frekara samstarfi atvinnulífs, stofnana og fyrirtækja sem veita þjónustu á sviði símenntunar og endurmenntunar. Arna Jakobína sagði að til marks um hversu viðamikil starfsemi í SÍMEY væri hafi 43.800 manns stundað nám í SÍMEY frá árinu 2010 til 2025 eða 2.920 að jafnaði á ári. Því væri SÍMEY sú menntastofnun á Norðurlandi og þótt víðar væri leitað sem útskrifaði flesta nemendur ár hvert.

„Mörg undanfarin ár hefur verið unnið að endurskoðun laga um framhaldsfræðsluna en þeirri vinnu hefur miðað mjög hægt. Ljóst er að framhaldsfræðslan mun gegna sífellt stærra hlutverki á tímum hraðra breytinga, tæknivæðingar og aukinnar fjölbreytni í samfélaginu. Framhaldsfræðslan hefur í auknum mæli verið mikilvægt akkeri í fjölmenningsamfélaginu á Íslandi og hún hefur líka verðugu hlutverki að gegna á tímum hraðra samfélagsbreytinga og gervigreindar. Við köllum eftir því að stjórnvöld sjái þetta mikilvæga hlutverk og geri framhaldsfræðsluna að lykilþætti í mótun menntastefnu landsins,“ sagði Arna Jakobína Björnsdóttir, stjórnarformaður SÍMEY.

Hulda Anna Arnljótsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu stefnumótunar og innleiðingar í mennta- og barnamálaráðuneytinu, flutti ávarp Guðmundar Inga Kristjánssonar, mennta- og barnamálaráðherra en ráðherra átti þess ekki kost að mæta í afmælishófið.

Tveir fyrrverandi nemendur í SÍMEY, Svetlana Beliaeva og Ingbór Örn Valdimarsson, sögðu frá reynslu sinni af námi í SÍMEY og hvernig það hafi leitt til jákvæðra breytinga fyrir þau.

Magnús Smári Smárason, verkefnisstjóri gervigreindar hjá Háskólanum á Akureyri, flutti ávarp um gervigreindina, hvað hún væri og við hverju mætti búast í framtíðinni á þessu sviði. Hvatti hann alla til þess að nýta sér þessa tækni og þreifa sig áfram með hana. Taldi hann að handan við hornið væri næsta skref í þessari tækni enda væri þróunin hröð.

Baldur Dýrfjörð, fyrsti formaður stjórnar SÍMEY, ávarpaði samkomuna og rifjaði upp fyrstu sporin í sögu SÍMEY. Hann sagði afar ánægjulegt að sjá hversu öflug starfsemi miðstöðvarinnar væri í dag.

Um tónlistarflutning í afmælishófinu sáu Guðrún Arngrímsdóttir og Anna Skagfjörð. Veislustjóri var Bragi V. Bergmann. Hann hefur lengi tengst SÍMEY, m.a. sem kennari í íslensku fyrir fólk af erlendum uppruna.



*Aldarfjórðungs afmælis SÍMEY var minnst á viðeigandi hátt með veglegu kaffiborði og hnallþórum.*



*Svetlana Beliaeva sagði frá reynslu sinni af námi í SÍMEY. Hún lærði þar íslensku og nú kennir hún íslensku í SÍMEY fyrir rússneskumælandi fólk.*



*Magnús Smári Smárason, verkefnastjóri gervigreindar í Háskólanum á Akureyri, flutti erindi um gervigreindina og hvernig ætla megi að hún muni þróast og setja mark sitt á daglegt líf fólks í framtíðinni.*



*Bragi V. Bergmann stýrði afmælishófinu. Hann hefur lengi lagt hönd á plóg í SÍMEY, undanfarin ár sem kennari í íslensku fyrir fólk af erlendum uppruna.*



Um tónlistarflutning í afmælishófinu sáu Guðrún Arngrímsdóttir og Anna Skagfjörð.



Í 25 ára sögu SÍMEY hafa einungis verið tveir stjórnarformenn, Baldur Dýrfjörð frá 2000 til 2003 og síðan Arna Jakobína Björnsdóttir. Hún hefur verið í stjórn SÍMEY frá upphafi.



Ingbór Örn Valdimarsson sagði frá jákvæðri reynslu sinni af námi í SÍMEY. Hann hafði ekki lokið formlegu námi þegar hann innritaðist í félagsliðanám í SÍMEY. Að því loknu hélt hann áfram námi til stúdentsprófs í VMA og brautskráðist í maí 2025.



Hulda Anna Arnljótsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu stefnumótunar og innleiðingar í mennta- og barnamálaráðuneytinu, flutti ávarp Guðmundar Inga Kristjánssonar, mennta- og barnamálaráðherra, sem var fjarverandi.



Glaðir gestir á 25 ára afmælishófi SÍMEY 22. maí 2025. Fyrir miðri mynd er Valgeir B. Magnússon, framkvæmdastjóri SÍMEY, en hann hefur starfað hjá miðstöðinni frá 2006 eða í um tuttugu ár.

## 4. Fræðslustarfið í máli og myndum

### Námskeið á árinu

Alls voru haldin 230 námskeið á Akureyri og í Eyjafirði á árinu 2025. Til samanburðar voru þau 270 árið 2024. Sveiflur eru milli námskeiðsflokka en mesta fækkun námskeiða er innan atvinnulífsins. Því skal þó haldið til haga að umfang námskeiða var með mesta móti á árinu 2024.


SÍMEY flokkar námskeið sín í fimm flokka:

- Námsleiðir FA eru allar vottaðar námskrár frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Nám fyrir fólk með fötlun.
- Stök námskeið, sem er ætlað að efla einstaklinga í starfi og leik. Mörg námskeiðanna voru unnin í samstarfi við stéttarfélag og starfmenntasjóði. Einnig var boðið upp á námskeið fyrir stjórnendur.
- Íslenska sem annað mál
- Fyrirtækjaskólar.

### Þátttakendur

Alls sóttu 2368 einstaklingar námskeið og lengra nám á vegum SÍMEY á árinu – samanborið við 2513 árið 2024. Að auki nýttu um 1000 manns sér aðra þjónustu í tengslum við náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat, próftöku og aðra þjónustu. Að öllu samanlögðu er viðskiptamannahópur SÍMEY fast að 3500 manns.

Fjöldi þátttakenda síðustu ára




### Nemendastundir

Kenndar nemendastundir eru mælikvarði á umfang fræðslustarfs. Fjöldi nemendastunda fæst með því að margfalda fjölda nemenda á hverju námskeiði með fjölda kenndra klukkustunda á sama námskeiði. Á árinu 2025 voru nemendastundir í SÍMEY 59.809.

Fjármagn í framhaldsfræðslukerfið hefur ekki aukist hin síðari ár en miðstöðin hefur getað flutt fjármagn milli málaflokka og hefur verið aukið við vottað nám milli ára. Einnig fékkst viðbótarfjármagn í vottað nám á árinu. Nemendastundum fjölgar milli ára enda er að merkja 25% aukningu í námsframboði vottaðs náms hjá miðstöðinni. Það skýrir að mestu þessa aukningu.


Fjöldi nemendastunda síðustu ára



## Námskeið

Á árinu 2025 voru haldin 230 námskeið á Akureyri og í Eyjafirði sem er nokkur fækkun frá fyrra ári. Umtalsvert færri námskeið voru undir merkjum fyrirtækjaskóla og það sama má segja um námskeið í samstarfi við stéttarfélög og starfsmenntasjóði. Námskeiðafjöldi í íslensku sem öðru máli var svipaður milli ára. Veruleg aukning varð í lengra námi í SÍMEY og einnig varð aukning í námi fyrir fólk með fötlun.


Fjöldi námskeiða síðustu ára



## Íslenska sem annað mál

Töluverður vöxtur hefur verið í íslensku sem öðru máli á undanförunum árum. Um er að ræða hefðbundin námskeið sem hafa lengi verið kennd í SÍMEY fyrir fólk sem ekki hefur íslensku að móðurmáli og einnig er boðið upp á námskeið í íslenskuþjálfaranum, sem er hluti af vottaða náminu. Með auknu fjármagni gæti SÍMEY aukið umfang íslenskukennslunnar. Með þróun hæfnimats fyrir íslenskukennsluna hefur SÍMEY stigið mikilvægt framfaraskref sem nýtist öllum símenntunarmiðstöðvum vel. Nemendafjöldi í íslenskunámi hefur ekki tekið miklum breytingum milli ára.


Íslenska sem annað mál síðustu ár



Íslenska sem annað mál 2025 - kynjahlutfall þátttakenda

## Íslenska sem annað mál - kynjahlutfall


Konur hafa jafnan verið í meirihluta þátttakenda og er svo enn. Körlum í námi hefur þó fjölgað hlutfallslega frá fyrra ári. Á árinu voru 52,7% þátttakenda konur en 47,3% karlar.



## Raunfærnimat

Umfang raunfærnimats hefur aukist lítillega frá fyrra ári, sem er ánægjulegt. Reynslan er sú að þátttaka og brottfall getur verið afar mismunandi eftir verkefnum. Mörg dæmi eru um að fólk sem fer í gegnum raunfærnimat fær metna reynslu sína og hæfni til náms í skóla og styrkir í framhaldinu stöðu sína á vinnumarkaði.


Raunfærnimat síðustu ára



## Náms- og starfsráðgjöf

Á árinu 2025 var umfang náms- og starfsráðgjafaviðtala mjög sambærilegt og 2024. Í COVID 19 faraldrinum var áberandi aukning í slíkum viðtölum en eftir að faraldurinn gekk yfir hefur þeim fækkað.


Náms- og starfsráðgjöf síðustu ára



## Nám fyrir fólk með fötlun


Með ráðningu verkefnastjóra árið 2024 sem hefur umsjón með námi fyrir fólk með fötlun hefur þátttakendum fjölgað umtalsvert frá fyrra ári. Þátttakendur 2025 voru jafn margir og árið 2021 en ívið færri en 2022 og 2023.

Fjöldi þátttakenda síðustu ár í námi fyrir fólk með fötlun



## Kynjahlutföll

Konur hafa jafnan verið í miklum meirihluta þátttakenda og er svo enn. Körlum í námi hefur þó fjölgað hlutfallslega frá fyrra ári. Á árinu voru 64% þátttakenda konur en 36% karlar.



## 5. Samantekt

Á árinu 2025 hefur verið lögð áhersla á að halda áfram því starfi sem hefur skilað góðum árangri, m.a. er lýtur að umsýslu verkefna innan framhaldsfræðslunnar. Í því sambandi má t.d. vísa til miðlunar og þróunar vottaðs náms, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar. Einnig skal getið þeirra áskorana er lúta að fjölmenningu, þ.m.t. íslenskunámskeið og önnur þjónusta við innflytjendur. Á þessu sviði hefur verið stöðugur vöxtur.

Sem fyrr hefur verið gott samstarf við stéttarfélag og starfsmenntasjóði sem er mikilvægur þáttur í tengingu SÍMEY við atvinnulífið. Áhersla hefur verið lögð á að sinna og þróa leiðir til að ná til fólks sem þarf aukinn stuðning og tækifæri.

Á tímum mikilla og hraðra samfélagsbreytinga er afar mikilvægt að framhaldsfræðslan hafi getu og stuðning til að mæta þeim. Innan framhaldsfræðslukerfisins er mikil þekking og tækifæri sem hægt er að nýta til að efla samfélög og tryggja jafnræði og jafnrétti til náms og þekkingaröflunar. Þessa þekkingu verður að nýta að fullu ef Ísland á að vera í fremstu röð þegar kemur að hæfniuppbyggingu og jafnrétti til náms. Það er von okkar að stjórnvöld sjái tækifæri í því að nýta vel sveigjanlegt og faglegt kerfi framhaldsfræðslunnar í landinu sem hefur verið til staðar til fjölda ára.



Uppstilling starfsfólks SÍMEY á jólafatadegi 2025.

Gildi SÍMEY

**TÆKIFÆRI • STYRKUR • SVEIGJANLEIKI • TRAUST**

Fylgdu okkur á samfélagsmiðlum





© SÍMEY 2026  
[www.simey.is](http://www.simey.is)